

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 8/2009 um skoðun ökutækja.

1. gr.

29. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

- Í stað „Skoðunarstofa I skal [...]“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Skoðunarstofu I er heimilt að [...].
- Í stað „Fullnægi skoðunarstofa I kröfum, sbr. 1. mgr., [...]“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: Fullnægi skoðunarstofa I kröfum um starfsemi ökuritaverkstædis varðandi prófun ökurita [...].

2. gr.

1. mgr. 3. gr. I. viðauka orðast svo:

Á skoðunarmiða fyrir endurskoðun er áletrað „ENDURSKODUN“ ásamt mánuðinum þegar ökutæki skal fært til endurskoðunar. Litur skoðunarmiðans skal annars vegar vera með svörtu letri á grænum grunni, til notkunar á ári sem endar á slétttri tölu, og hins vegar með svörtu letri á grænum og appelsínugulum grunni þar sem litir eru aðskildir með skástriki, til notkunar á ári sem endar á oddatölu.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða breytist þannig:

- Í stað „nýskráð“ komi: skráð fyrsta sinni.
1. málsl. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis orðist svo:
Bifreið, bifhjól og skráðan eftirvagn að heildarþyngd 3.500 kg eða minna, skráð fyrsta sinni.
1. málsl. 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis orðist svo: Tjaldvagn og hjólhýsi (felliþýsi), skráð fyrsta sinni.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 67. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 11. desember 2012.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2012